

# Geðhjálp og ljóshátíð

Halldóra skrifar:

Ég er afar ánægð með þá nýbreytni sem ljóshátíðin í Reykjavík er. Nú þegar skammdegið er smátt og smátt að láta undan síga, er kærkomið að lyfta sér örlítið upp. Við Íslendingar gerum alltof lítið af því að gera okkur dagamun og skemmta hver öðrum. Lífsglaðari þjóðir eru duglegar við að halda hátíðir oft af litlu tilefni. Mér finnst þetta framtak því frábært. Það er miklu ríkari ástæða til að gera sér dagamun að vetrinum á Íslandi. Tíminn frá jólum og að páskum reynist mörgum þungur. Ljóshátíðin með sinni fjölbreyttu dagskrá léttir lund borgarbúa.

Ég vil líka hæla starfi Geðhjálp og skora á fólk að leggja sitt af mörkum til styrktar því ágæta félagi. Geðsjúkdómar hafa lengi verið feimnismál og tími að fólk láti af fordómum sínum um þá. Geðhjálp hefur unnið frábært starf fyrir þá sem þjást af slíkum sjúkdómum. Ekki má heldur gleyma því hversu félagsskapurinn hefur verið styrkjandi fyrir aðstandendur þeirra sem veikir eru. Aðstandendur þurfa einnig að líða fyrir fordóma í samfélaginu. Við skulum horfa á það sem jákvætt er í samfélaginu. Ekki veitir af. ■